

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis, hæstaréttarhús við Lindargötu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 7. janúar 1994 staðfest breytingu á deiliskipulagi sem markast af Ingólfsstræti, Hverfisgötu, Snorrabraut og Skúlagötu og staðfest var 13. maí 1986.

Breytingin er fölginn í því að hluti af reit safnahúss og áður var ætlað sem torg og bílageymsla er gert að lóð, Lindargötu 2, undir stofnun.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 10. janúar 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um afnám banns við síldveiðum í Lónsdýpi.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 485, 7. desember 1993, um bann við síldveiðum í Lónsdýpi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. janúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.